

Nokkrir þankar um eiginkonu guðs

Um samspil ímyndunar og veruleika
í þremur sögum eftir Kristínu Ómarsdóttur

Það er svolítið erfitt að ná utan um það [...]. En á tímabili meðan ég var að vinna bókina reyndi ég að gera mér einhverja grein fyrir því. Og gat fundið einhvern þef, eða þefi. Svo hvolfist efnið yfir mann og þá dimmir, og maður getur ekki séð um hvað bókin manns er. [...] Ég reyndi að skrifa ástarsögu, mömmusögu, sorgarsögu og gleðisögu, klámsögu, unglingasögu, barnasögu, ævintýrasögu, morðsögu, kvöld-sögu, dæmisögu...¹

Á þennan hátt kemst Kristín Ómarsdóttir að orði í viðtali frá árinu 1991 að spurð um hvað bók hennar, *Einu sinni sögur*, fjalli. Bókin er safn stuttra sagna, sem ýmist mætti flokka sem smásögur, örsögur eða ljóð,² en rétt eins og skáldkonan lýsir er verkið ólíkindatöl sem kannski væri auðveldast að skilgreina með annarri skýringu úr smiðju hennar eða ummælunum: „þetta er leikur að sögum.“³ Stað-reyndin er nefnilega sú að Kristín byggir á ýmsum tegundum sagna, teygir þær

¹ Einar Falur Ingólfsson, „Það vantar sæfarasögur“, *Morgunblaðið* 21. desember 1992, bls. 2–3.

² Í yfirlitsgrein um skáldskap Kristínar kallar Úlfhildur Dagsdóttir texta bókarinnar örsögur en bendir þó um leið á að sú frásagnartegund leiki sér bæði að formi ljóðsins og smásögunnar eða með orðum Úlfhildar: „Árið 1991 gaf hún [Kristín] út örsagnasafnið *Einu sinni sögur*, en örsagan er einmitt form sem stendur milli forma, og skjónar form ljóðsins og smásögunnar (skaðar sjálfsmýnd þeirra?).“ Sjá Úlfhildur Dagsdóttir, „Hæ, litla skrímsli, ég er komin aftur heim“. Í ferðalagi með skáldskap Kristínar Ómarsdóttur“, *Bókmenntavefur*, 2003, sótt 2. apríl 2024 af <https://bokmenntir.is/bokmenntavefur/hofundar/kristin-omarsdottir>.

³ Einar Falur Ingólfsson, „Það vantar sæfarasögur“, bls. 3.



Ritið

1. töl. 25. árg. 2025 (61-74)
Ritrynd grein

© 2025 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar og
höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.25.1.5
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

og togar, gerir hið ómögulega mögulegt og sýnir jafnvel þekktar persónur í nýju og óvæntu ljósi. Allt á þetta einkar vel við um smásögurnar „Eiginkona guðs“, „Hvildardagur“ og „Vegakort“ sem birtust í bókinni *Einu sinni sögur*. Þær fjalla um hjónaband og hversdagslegt líf guðs og eiginkonu hans og mynda saman eins konar sagnasveig. Í eftirfarandi grein fjalla ég um sagnasveiginn og ræði í því skyni hvernig Kristín leikur sér að þekktum sögum, nýtir ímyndunaraflíð til að fylla í eyður *Bíblunnar* og blandar saman skáldskap og veruleika til að varpa ljósi á ýmsa þætti sköpunarsögunnar og ólíka stöðu kynjanna.

Ekkert er óhugsandi

Sögurnar í *Einu sinni sögum* draga margar hverjar dám af ævintýrum. Þær gerast á ótilgreindum stað og tíma og þá gjarnan í ímynduðum heimi, fjalla um fáar persónur, eru í rétttri tíma- og orsakaröð og segja jafnvel frá yfirnáttúrulegum fyrirbærum eða því sem ekki lýtur lögmálum þess heims sem við köllum raunverulegan.⁴ Oft hefjast sögurnar einnig á hinum þekktu upphafsorðum ævintýranna: „Einu sinni var“, eins og titill bókarinnar boðar. Þannig er minnt á að undrun og töfrar kunni að setja mark sitt á þær. Smásögurnar um guð og eiginkonu hans hefjast að vísu ekki á þessum orðum en þó gefur upphaf fyrstu sögunnar vísbendingu um að efnistökin séu langt frá því að vera raunsæisleg. Sú nefnist „Eiginkona guðs“ og hefst á þessa leið:

Veistu að tunglið er ekki úr osti og heldur ekki sandi eða jarðkúlu-efni. Það er risastór dömuspegill uppá himninum. Og konan hans guðs á hann. En týndi honum. Missti hann í gufuhvolfið fyrir löngu. Og finnur hann. Einu sinni í mánuði finnur hún hann en týnir honum alltaf strax daginn eftir. Konan hans guðs týnir öllu. Og konan hans guðs speglar sig einn dag í hverjum mánuði. Í einn heilan dag. Og hina dagana leitar hún. Að speglinum og sér.⁵

Í kjölfarið segir nánar frá leit eiginkonunnar og hvernig hún reynir að fá guð til að hjálpa sér að finna spegilinn. Það gengur ekki vel í fyrstu, en í annarri sögunni, „Hvildardagur“, lætur guð sér að lokum segjast, þótt hann vilji halda

⁴ Um byggingu ævintýra sjá til dæmis Gísli Sigurðsson, „V Þjóðsögur“, *Íslensk bókmenntasaga* III, ritstjóri Halldór Guðmundsson, Reykjavík: Mál og menning, 1996, bls. 407–494, hér bls. 413.

⁵ Kristín Ómarsdóttir, *Einu sinni sögur*, Reykjavík: Mál og menning, 1991, bls. 25. Eftirleiðis verður vísað til bókarinnar með blaðsíðutali í sviga.

hvíldardaginn heilagan, fer út og finnur annan og nýjan spegil sem hann gefur konu sinni. Í þriðju og síðustu sögunni, „Vegakort“, brýtur guð nýja spegilinn í reiðikasti á meðan eiginkonan er fjarverandi, því hann er afbrýðisamur út í athyglina sem kona hans veitir speglinum. Spegillinn brotnar „í þúsund trilljón örmola“ (144) en samkvæmt sögunni eru spegilbrotin stjörnurnar sem skína á himninum. Þar segir jafnframt að stjörnurnar séu fallegar vegna þess að þær spegluðu eitt sinn andlit eiginkonu guðs. Guð fær strax samviskubit yfir hegðun sinni og því flýgur hann, að kvöldi sama dags, um himingeiminn og raðar stærstu spegilbrotunum saman þannig að úr verða myndir af dýrum. Með því móti vill hann gleðja augu eiginkonunnar og mannanna en um leið mynda dýramyndirnar vegakort og þess vegna eru stjörnurnar jafn nytsamlegar og raun ber vitni.

Rétt eins og lýsingin á sögunum vitnar um segja þær frá atburðum og aðstæðum sem eru líkamlega, röklega og mannlega ómöguleg því það sem sagt er frá samræmist ekki þeim rökfræðilegu lögmálum sem gilda í efnisheiminum eða okkar veruleika. Fyrir vikið eru sögurnar gott dæmi um ónáttúrulegar frásagnir þar sem ímyndunarafli höfundar fær að leika lausum hala. Frásagnarfræðingurinn Jan Alber hefur bent á að ónáttúrulegar frásagnir séu vanalega blanda af náttúrulegum og ónáttúrulegum einkennum. Þeim megi síðan skipta niður í tvær gerðir; annars vegar frásagnir sem hafa ónáttúruleg einkenni sem eru ekki orðin hefðbundin þannig að þau orka bæði undarleg og skrýtin og hins vegar frásagnir sem búa yfir einkennum sem eru orðin hefðbundin vegna þess að þau eru alþekkt í mörgum frásögnum og því kunnug lesendum. Með tilliti til síðari gerðarinnar kemur til dæmis engum lesendum á óvart að leikföng í barnasögnum kunni að tala eða að fólk geti farið í tímaferðalög í vísindaskáldsögnum. Ólíkindi af því tagi eru ekki lengur óvænt eða undarleg svo lesendur eiga ekki í neinum erfiðleikum með að samþykkja að þau geti verið hluti af tilteknum frásagnarheimi.⁶

Þótt það fari eftir lesendum hvernig þeir bregðast við ónáttúrulegu einkennum í sögunum um guð og eiginkonu hans er líklegt að þeir eigi auðvelt með að samþykkja þau í ljósi þess að formgerð ævintýrisins mótar frásögnina og vegna þess að vísað er í *Biblúna*, sem er þekkt fyrir ýmis ólíkindi.⁷ Það sem kann þó að

⁶ Jan Alber, *Unnatural Narratives. Impossible Worlds in Fiction and Drama*, Lincoln og London: University of Nebraska Press, 2016, bls. 42–43.

⁷ Í skrifum sínum um ónáttúrulegar frásagnir hefur Jan Alber bent á að lesendur geti nýtt sér mismunandi lestaraðferðir til að lesa og skilja ólíkindin sem sagt er frá í ónáttúrulegum frásögnum. Þar á meðal geta þeir kosið að lesa söguna sem dæmigerða frásögn fyrir ákveðna bókmenntagein eins og fantasíu eða ævintýri. Sjá sama heimild, bls. 47–45 og Jan Alber, „Impossible Storyworlds – and What to Do with Them“, *Storyworlds. A Journal of Narrative Studies* 1/2009, bls. 79–96, hér bls. 82–83.

skjóta nokkuð skökku við eru nýjar og jafnvel óvæntar upplýsingar um skapara heimsins og sköpunarsöguna. Í fyrstu Mósebók er gerð grein fyrir sköpun Guðs á himintunglunum en þar segir:

Guð gerði tvö stóru ljósin, stærra ljósið til að ráða degi og minna ljósið til að ráða nóttu, og einnig stjörnurnar. Og Guð setti þau á festingu himinsins til þess að bera jörðinni birtu og ráða degi og nóttu og til að greina ljós frá myrkri (1Mós 1.16).

Ekkert segir hins vegar um hráefnin sem skaparinn notar til að búa til tunglið og stjörnurnar en því má líta svo á að skáldskapur Kristínar fylli inn í ákveðnar eyður í sköpunarsögunni. Í *Bibliunni* er ekki heldur fjallað gaumgæfilega um persónulega hagi guðs þótt þar komi reyndar fram að hann eigi soninn Jesú með Maríu. Í sögum Kristínar fá lesendur hins vegar að kynnast nánar þessari þekktu persónu og því minna þær einum þræði á aðdáendaspuna þar sem dregin er upp margræðari mynd af persónu sem lesendur þekkja úr öðru samhengi.⁸ Fyrir hönd skáldkonunnar getur sögumaður sér til um viðhorf guðs, tilfinningalíf, gjörðir og samtöl við eiginkonuna á sama tíma og hann styður mál sitt með því að vísa í þekktar sögur af afrekum hans, svo sem sköpunina á heiminum og hvernig hann stjórnar öllu þar. Nýju upplýsingarnar geta því orkað eins og eðlileg viðbót við fyrri skrif um skaparann. Í stað þess að dregin sé upp einhæf mynd af guði sem annaðhvort blessandi verndara eða ströngum dómara – eins og algengar lýsingar á honum vitna gjarnan um – blasir við mynd af nokkuð breyskum karlmanni sem þráir óskipta athygli eiginkonu sinnar. Í meðförum Kristínar verður guð því mannlegri persóna en fyrr.⁹

Eiginkona guðs

Eiginkona guðs er kannski óvæntasta viðbótin við *Bibliuna* því ólíkt skapanum er hún „kona sem mennirnir hafa ekki fengið að kynnast áður“.¹⁰ Samkvæmt

⁸ Sbr. Jennifer L. Barnes, „Fanfiction as imaginary play. What fan-written stories can tell us about the cognitive science of fiction“, *Poetics* 2015, bls. 69–82, hér bls. 75. Tekið skal fram að önnur bók eftir Kristínu, skáldsagan *Við tilheyrum sama myrkrinu. Af vínáttu: Marilyn Monroe og Gretu Garbo*, hefur verið kennd við aðdáendaspuna. Sjá Guðrún Steinþórsdóttir, „„Mig langaði til að halda áfram með ljóðið““, *Andvari*, 2021, bls. 145–166, hér bls. 159–161.

⁹ Þess má geta að síðar átti Kristín aftur eftir að skrifa um guð og handanlífið en það gerði hún á eftirminnilegan hátt í skáldsögunni *Elskan mín ég dey* (1997). Þar er guð þó mun fjarlægari persóna en í smásögunum sem hér er fjallað um.

¹⁰ Einar Falur Ingólfsson, „Það vantar sáfarasögur“, bls. 3.

blaðaviðtali við Kristínu hefur „guð ... haft hana í felum“ og „ekki tímt að láta vita af henni. En hún er mjög fin. Og ákveðin“.¹¹ Í smásögunum eru eiginkonan og guð ónefnd og á ótilgreindum aldri líkt og kóngurinn og drottningin í ævintýrunum en eins og þar undirstrikar nafngift kvenpersónunnar, *eiginkona*, stöðu hennar í tilverunni. Þá á hún það sameiginlegt með mörgum öðrum konum í tímans rás að vísað er til hennar með því að kenna hana við maka sinn. Vegna þess að hún er persóna í bók má líta á hana sem samnefnara fyrir allar þær konur sem standa að baki eiginmönnum sínum, kannski ekki síst svokallaðra mikilmenna, og leyfa þeim að láta ljós sitt skína á opinberum vettvangi á meðan þær sjá um allt innan veggja heimilisins. Slíkar konur – eða betri helmingurinn eins og þær eru stundum kallaðar¹² – hafa oft lagt eigin langanir og drauma til hliðar eða fórnað framanum fyrir maka sína. Í sumum tilvikum hafa þær jafnvel lagt eitthvað af mörkum til starfa eiginmannanna þótt á framlag þeirra sé sjaldnast eða aldrei minnst og þeim ekki þakkað fyrir hjálpina.¹³ Þöggunin kemur síðan skýrast fram í því að nöfn frægra karla og afrek þeirra kunna að lifa von úr viti en eiginkonurnar og þeirra „ósýnilegu störf“ falla aftur á móti í gleyskunnar dá.

Með því að skapa eiginkonu guðs fetar Kristín skemmtilega í fótspor margra kynsystra sinna sem hafa lagt sig fram við að gefa konum, sem fallið hafa í skugga karla, rödd í skáldskap sínum og í því skyni beint sjónum að vitundarlífi þeirra, upplifun og veruleika. Slík skrif, jafnt skáldskapur og sannsögur, sem og leikið efni, hafa orðið mjög vinsæl síðustu áratugi. Í íslensku samhengi má nefna ljóðabókina *Blóðhófnu* (2013) eftir Gerði Kristnýju, þar sem jötunmeyjunni Gerði Gymisdóttur gefst loksins færi á að segja sögu sína, og einleikinn *Brák* (2008) sem

¹¹ Sama heimild, bls. 3.

¹² Í þessu samhengi má til dæmis minnst á vinsælan íslenskan bókaflokk sem bar heitið *Betri helmingurinn* en hann inniheldur djúpvíðtöl við eiginkonur frægra karla. Bækurnar urðu alls sjö talsins og komu út á árunum 1989–1995.

¹³ Sem dæmi um skemmtilega undantekningu má nefna John Stuart Mill sem tileinkar látinni eiginkonu sinni verkið *Frelsið*, sem kom út árið 1859, en í tileinkuninni skelfur hann ekki af mikilvægu framlagi hennar til verka hans þegar hann segir: „Bók þessa helga ég hjartfólginni og harmþrunginni minningu ástvinu minnar og eiginkonu, sem var frumkvöðull og stundum höfundur alls hins bezta í ritum mínu. [...] Eins og allt, sem ég hef skrifað í ótalmörg ár, er þessi bók ekki síður hennar verk en mitt. En bókin geldur þess mjög, að konu minni auðnaðist ekki að endurskoða hana nema að litlu leyti. Hún hafði geymt sér að hyggja betur að ýmsum mikilvægustu atriðum bókarinnar. Nú er allt um seinan. Næstum óviðjafnanlegra gáfna hennar nýtur ekki lengur við mér til örvunar og aðstoðar. Ef ég aðeins gæti túlkað heiminum helming þeirra háleitu hugsana og göfugu tilfinninga, sem með henni lögðust í gröfina, þá ynni ég honum meira gagn en með nokkru því, sem ég skrifaði sjálfur, einn og óstuddur.“ John Stuart Mill, *Frelsið*, þýðendur Jón Hnefill Aðalsteinsson og Þorsteinn Gylfason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1970, bls. 31.

Brynhildur Guðjónsdóttir samdi um föstru Egils Skallagrímssonar en aðeins er fjallað um þá persónu í ellefu línun í Íslendingasögunni. Á myndinni hér að neðan má síðan sjá fleiri íslensk og erlend dæmi, bæði úr heimi bókmenntanna og kvikmyndanna:



Í meðförum Kristínar er eiginkona guðs ekki „hefðbundin“ eiginkona sem þrífur heimili, eldar mat og annast börn eins og kannski mætti búast við heldur snýst hún frekar í kringum sjálfa sig, kýtir við eiginmanninn og laumast á felustað til að lesa bók. Slíkur umsnúningur á algengri staðalímynd er í takt við skrif margra skáldkvenna því eins og bókmenntafræðingurinn Helga Kress hefur fjallað um er algengt að kvenrithöfundar geri uppreisn gegn stöðluðum kvenmyndum bókmenntahefðarinnar, svo sem skassinu, fórnfúsu móðurinni og þokkadísinni, með því að gera persónurnar annaðhvort fátánlegar eða hlægilegar. Helga bendir jafnframt á að sumir kvenhöfundar gangi enn lengra í skrifum sínum og kollvarpi fleiri viðteknum myndum hefðarinnar, og goðsögum hennar yfirleitt, en í slíkum tilvikum sé ekki óalgengt að þær leggi áherslu á mikla notkun á kvenlegum hlutum, svo sem húsbúnaði og fatnaði, sem þær gefi táknræna merkingu.¹⁴ Spegillinn er einn af þessum hlutum sem margar skáldkonur hafa kosið að fjalla um, þar á meðal Kristín eins og glögggt má sjá í smásögunum um guð og eiginkonu hans.¹⁵

¹⁴ Helga Kress, „Kona með spegil. Svava Jakobsdóttir og íslensk bókmenntahefð“, *Speglanir. Konur í íslenskri bókmenntahefð og bókmenntasögu*, Reykjavík: Háskóli Íslands og Rannsóknastofa í íslenskum kvennafræðum, 2000, bls. 121–138, hér bls. 126.

¹⁵ Sjá til dæmis umfjöllun Helgu Kress um smásöguna „Kona með spegil“ eftir Svövu Jakobsdóttur. Sama heimild, bls. 132–133. Með hliðsjón af íslenskum bókmenntum má

Spegillinn er gjarnan tengdur konum og meintum hégóma þeirra en hann er þekkt tákn í bókmenntum og öðrum listum þótt misjafnt sé eftir aðstæðum og samhengi hvaða hlutverki hann gegnir. Til viðbótar við að endurspegla sýn þess sem á hann horfir getur spegillinn í ónáttúrulegum frásögnum, á borð við ævintýri, gefið fólki upplýsingar um framtíðina, hjálpað því að ná markmiðum sínum, látið óskir þess rætast, sýnt liðna atburði eða sagt sannleikann, svo nokkur dæmi séu tekin.¹⁶ Þótt slík einkenni kunni að orka töfrandi og eftirsóknarverð má ekki gleyma því að spegillinn getur líka læst fólk inni í heimi blekkinga og gleypst líf þess eins og heimspekingurinn Platón varaði við á sínum tíma og goðsagan um Narkissos er svo gott dæmi um.¹⁷ Þá hafa ýmsir femínískir fræðimenn bent á að spegillinn geti verið fjandsamlegur konum og kvenpersónum. Í því samhengi má til dæmis minnst skrifa fræðikvennanna Söndru Gilbert og Susan Guber í tímamótaverki þeirra, *The Madwoman in the Attic*, þar sem þær beina sjónum að ævintýrinu um „Mjallhvíti og dvergana sjö“. Samkvæmt þeim getur töfraspiegillinn í ævintýrinu, sem er í eigu drottningar, staðið fyrir karlveldið og þær hugmyndir sem það hefur mótað um hvernig konur eigi að líta út og haga sér.¹⁸ Eins og þekkt er spyr drottning spegilinn reglulega „Spegill, spegill herm þú hver, hjer á landi fríðust er“ og iðulega svarar hann „Frú mín, drottning, fegri þjer finnst ei nein á landi hjer!“ Það er að segja allt þar til að Mjallhvít, stjúpdóttir drottningar, vex úr grasi og spegillinn telur hana allra kvenna fegursta.

til viðbótar nefna að skáldkonurnar Vigdís Grímsdóttir, Halldóra Kristín Thoroddsen, Vilborg Dagbjartsdóttir og Ingibjörg Haraldsdóttir hafa allar sent frá sér skáldskap þar sem spegill gegnir táknrænu hlutverki. Þá má einnig nefna að í ljóðinu „Spegill, spegill herm þú mér“ leikur Eygló Daða Karlsdóttir á írónískan hátt með þennan þekktu frasa ævintýrsins sem titill ljóðsins ber með sér; sjá Eygló Daða Karlsdóttir, „Spegill, spegill herm þú mér“, *Ljóð.is*, sótt 8. mars 2025 af <https://ljod.is/poem/3889/>.

¹⁶ Toirova Nargiza Isakovna, „The Symbol of Mirror and its Main Poetic Functions in Fairy Tales“, *Anglisticum. Journal of the Association-Institute for English Language and American Studies* 6: 2/2017, bls. 7–11, hér bls. 7.

¹⁷ Sergio Arlandis og Augstín Reyes-Torres, „Thresholds of change in children’s literature. The Symbol of the Mirror“, *Journal of New Approaches in Educational Research* 7: 2/2018, bls. 125–130, hér bls. 129. Í þessu samhengi má einnig minnst persónunnar Medúsu úr grískri goðafræði. Þekkt er sagan af því þegar Perseifur notaði spegil til að verjast augnaráði Medúsu en talið var að augnaráð hennar væri svo skelfilegt að allir yrðu að steini sem horfðust í augu við hana. Ein ástæðan fyrir því var sú að blóð hennar hafi verið töfrum gætt vegna þess að það táknaði tíðablóð en sú hugmynd var uppi að augnaráð konu á blæðingum gæti breytt fólki í stein. Sjá Susan R. Bowers, „Medusa and the Female Gaze“, *NWSA Journal*, 2/1990, bls. 217–235, hér bls. 220 og 226.

¹⁸ Sara M. Gilbert og Susan Guber, *The Madwoman in the Attic. The Woman Writer and the Nineteenth-century Literary Imagination*, New Haven og London: Yale University Press, 1984, önnur útgáfa, bls 36–38.

Gilbert og Guber segja að mat spegilsins sé karllægur dómur sem ræður yfir sjálfsmati drottningarinnar – og um leið sérhverrar konu – en með því að láta dóminn stjórna sér hefur hún gert rödd spegilsins, eða öllu heldur karlsins, að sinni. Þannig getur karlveldið alið á sundrungu á milli kvenna, í þessu tilviki drottningar og Mjallhvítar, um leið og það brýtur niður sjálfstæði konunnar og nær stjórn á henni eða setur hana til hliðar.¹⁹

Speglarnir í smásögum Kristínar tala ekki en þó gegna þeir áþekku hlutverki og í ævintýrinu um Mjallhvíti því þeir fela meðal annars í sér hefðbundnar hugmyndir karlveldisins um hlutverk og ásýnd kvenna. Spegillinn er í eðli sínu tvífari og því verður hann eins konar tákn fyrir sjálfsmynd eiginkonu guðs og staðfestir tilveru hennar eins og sést þegar hún týnir honum og reynir í kjölfarið að finna hann aftur og um leið sjálfa sig. Spegillinn hjálpar eiginkonunni að festa sig í kynhlutverkinu og því er það táknrænt að hún týni honum þegar hún hefur sig til í tilefni fyrsta hvíldardagsins og guð biður „ópolinmóður í hvilunni eftir henni“ (45). Sjálfur er hann órakaður enda bannað, samkvæmt sögunni, að raka sig á hvíldardeginum. Írónían skín af lýsingunum og minnir á að þótt hvíldardagurinn eigi að heita heilagur er konunni engu að síður ætlað að sinna fegurðarskyldum sínum, kannski ekki síst til þess að þóknast karlinum sem hefur engum skyldum að gegna.

Eins og fyrr var nefnt verður spegill eiginkonunnar að tunglinu en bæði fyrirbærin eru þekkt kvenleg tákn. Tunglið hefur verið látið tákna tilveru kvenna enda fellur tíðahringur þeirra saman við breytingu þess. Engan skyldi því undra að skáld hafi í gegnum tíðina kvengert tunglið og tengt það við móðurina sem fylgist með jörðinni að ofan; kannski á svipaðan hátt og eiginkona guðs myndi gera.²⁰ Hafi spegillinn verið tvífari eiginkonunnar er rökrétt að tunglið, og starfsemi þess, endurspegli líf persónunnar að einhverju leyti. Fram kemur í sögunum að spegillinn hafi safnað ryki frá því hann týndist en jafnframt að eiginkonan finni hann mánaðarlega og spegli sig þá í heilan dag en týni honum síðan strax daginn eftir. Mögulegt er að túlka rykið sem tákn fyrir hefðina og hinar fornu hugmyndir um hlutverk kvenna. Sé það gert má benda á textatengsl verksins við smásöguna „Í draumi manns“ eftir Svövu Jakobsdóttur sem fjallar um fastmótuð hlutverk kynjanna með því að nýta ónáttúruleg einkenni.²¹ En vegna þess að

¹⁹ Sama heimild, bls. 38.

²⁰ Catie Gill og Sara Read, „How Women and the Moon Intertwine in Literature“, *The Conversation. Academic rigour, journalistic flair*, 18. júlí 2019, sótt 20. mars 2024 af <https://theconversation.com/how-women-and-the-moon-intertwine-in-literature-120257>.

²¹ Í smásögu Svövu þurrkar móðir aðalpersónunnar stranslaust ryk af húsbúnaði dótturinnar. Um rykið, í smásögunni, sem tákn um hefðina sjá Ástráður Eysteinnsson, „Að

spegillinn í sögu Kristínar bæði rykfellur og týnist er freistandi að túlka á annan hátt og líta svo á að spegillinn sé tekinn að missa mátt sinn. Með öðrum orðum séu hinar hefðbundnu hugmyndir teknar að gleymast þótt þær kunni að skjóta upp kollinum, allavega mánaðarlega þegar eiginkonan finnur spegilinn og er minnt á kvenleika sinn; eða jafn oft og tunglið er fullt og konur á barneignaraldri eru frjóar.

Dvínandi áhrifamáttur spegilsins í lífi eiginkonunnar verður enn frekar áberandi þegar guð færir henni annan og nýjan spegil en þá segir í sögunni: „Konan hans guðs horfir í spegilinn en hreyfir sig ekki neitt og það er ekki einsog hún sé að spegla sig“ (46). Í kjölfarið tekur við samtal hjónanna þar sem kemur skýrt fram að spegillinn hefur verið eins og framlenging á skaparanum því hann tekur sjálfur til við að spegla konu sína og um leið segja henni fyrir verkum. Orðaskipti þeirra hefjast á þessa leið en það er guð sem hefur samtalið:

- Þú verður að laga á þér hárið áður en það þornar.
- Ha? En hárið mitt er ekki blautt.
- En ætlaru ekki að laga það? Hálfnað verk þá hafið er.
- Afhverju ertu að skipa mér fyrir verkum?
- Þú verður að laga á þér hárið.
- Ertu að meina að hárið mitt sé ljótt?
- Nei. Komum nú og leggjum okkur og ég laga á þér hárið á eftir. Alveg einsog ég gerði daginn sem við hittumst að ég setti hárið þitt upp.
- Ha?
- Komum nú og leggjum okkur og ég laga á þér hárið á eftir.
- Ha?
- Komdu og elskaðu mig. (47)

gefa í boðhætti. Móðernismi og kvennapólitík í *Gefið hvort öðru...* eftir Svövu Jakobsdóttur“, *Tímarit Máls og menningar* 5/1983, bls. 535–549, hér bls. 544. Textatengsl smásagnanna um eiginkonu guðs við „Í draumi manns“ eru margvíslegri en þar gegnir spegill einnig táknrænu hlutverki. Í sögunni segir frá konu sem vaknar daginn eftir brúðkaupsnóttina í nýju umhverfi; í rykugri íbúð sem búin er húsgögnum í stíl kenndum við Loðvík fjórtánda Frakklandskonung. Eiginmaður hennar hefur um nóttina varpað hugmyndum sínum um stöðu kynjanna á samskipti þeirra og neytt konuna til að ganga inn í draumaheim sinn – sem er smíði karlmansins rétt eins og sköpun guðs á heiminum, samkvæmt smásögu Kristínar. Í sögu Svövu kemur meðal annars fram að konan máli sig lítið sem ekkert og að hún eigi lítinn spegil en að eiginmaðurinn vilji gefa henni snyrtiborð með smyrslum og ilmvötum. Litli spegillinn breytist síðan í snyrtiborð með stórum spegli en þannig er meðal annars dregið fram hvernig hugmyndir karlvelðisins um hlutverk kynjanna stjórna þankagangi eiginmannsins. Svava Jakobsdóttir, „Í draumi manns“, *Gefið hvort öðru...*, Reykjavík: Íðunn, 1982, bls. 39–51, hér bls. 46.

Skipanir guðs draga vel fram valdamisvægið í hjónabandinu; konunni er ætlað að þjóna karlinum og haga sér og líta út eins og hann vill. Hún virðist þó ekki gleypa boðin hrá og fyrir vikið verður guð hjákátlegur. Í þriðju og síðustu smá-sögunni um þau hjón er nefnt að guði finnist eiginkonan ekki veita honum nægilega athygli og það sé speglinum að kenna. Í sögunni segir nánar tiltekið:

Spegillinn hafði oft komið uppá milli hans og konunnar hans. Tafið hvíld þeirra ef svo má segja. Og stundum varð guð hreint afbrýðisamur útí spegil konu sinnar. Skiljanlega vildi hann sjálfur spegla hana. Skiljanlega vill maður vera spegill ástar sinnar. Að hún horfi á mann. Standi fyrir framan mann og stari. Skiljanlega verður maður afbrýðisamur útí spegla. Og guð þreif spegil konu sinnar og kastaði og hann brotnaði í þúsund trilljón örmola og það eru stjörnurnar. (143–144)

Írónían er hér ráðandi: guð minnir á lítið barn sem fær ekki það sem hann vill og brýtur því spegilinn. Þar með hefur stjórnuartækið snúið í höndunum á honum. Þó að skaparinn beini reiði sinni að speglinum sem hann gaf konu sinni er vert að minnast á þriðja spegilinn í sögunni og velta vöngum yfir hvort hann sé meginuppspretta þeirrar vanlíðunar sem guð finnur fyrir.

Þótt einungis sé minnst á tvo „raunverulega“ spegla í sögunni gæti sá þriðji verið bókin sem eiginkona guðs les á felustað sínum. Bækur og lestur hafa nefnilega verið tengd við spegil og speglun enda ekki óalgengt að lesandi spegli sig í persónunum sem hann kynnist við lestur, samsami sig þeim jafnvel og finni það sem þær finna.²² Bókin sem eiginkonan les er *Lendar elskhugans* og þótt ekki sé getið um höfund hennar má ætla að um samnefnda ljóðabók Vigdísar Grímsdóttur sé að ræða.²³ Sú bók kom út árið 1991 og fjallar um ástarsamband kvenna.²⁴ Slík

²² Sjá til dæmis Veronica L. Schanoes, „Book as Mirror, Mirror as Book. The Significance of the Looking-glass in Contemporary Revisions of Fairy Tales“, *Journal of the Fantastic in the Arts* 20: 1/2009 og Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Guðrún Steinþórsdóttir, „Spegill, spegill herm þú mér. Fötuln í barnabókmenntum“, *Fötuln og menning. Íslandssagan í öðru ljósi*, ritstjórar Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og rannsóknarsetur í fötunarfræðum, 2013, bls. 189–210, hér bls. 190.

²³ Eiginkona guðs er ekki eina þekktu persónan úr smiðju Kristínar sem les íslenskar bókmenntir því í skáldsögunni *Við tilheyrum sama myrkrinu* skrifar skáldkonan um vináttu Marilyn Monroe og Gretu Garbo og greinir þar frá því að þær stöllur lesi saman *Egilsögu*. Sjá Kristín Ómarsdóttir, *Við tilheyrum sama myrkrinu. Af vináttu: Marilyn Monroe og Gretu Garbo*, Reykjavík: stella, 2011, bls. 8.

²⁴ Eins og sést á útgáfuárinu kom ljóðabók Vigdísar út sama ár og *Einu sinni sögur* Kristínar en gaman er að geta þess að í henni fægir ljóðmælandi mynd „af horfinni vinkonu/

sambönd voru vitaskuld lengi í felum enda fordæmd. Þá var lítið um þau fjallað opinskátt í íslenskum bókmenntum fyrr en á tíunda áratug síðustu aldar og þá meðal annars af Vigdís og Kristínu Ómarsdóttur.²⁵ Með því að nefna einungis titil bókarrinnar, *Lendar elskhugans*, í smásögunni og láta aðalpersónuna lesa hana í felum er minnt á stöðu margs hinsegin fólks um leið og skapað er rými þar sem eiginkonan getur verið hún sjálf á eigin forsendum. Guð og speglar hans geta kannski haft stjórn á því hvernig eiginkonan lítur út en ekki haft taumhald á ímyndunarafli hennar, löngunum og þrám sem skáldskapur getur hjálpað til við að ýfa upp. Eiginkonan og hinn nýi spegill eru þess vegna mikilvægir hlekkir í uppreisn gegn hinni ríkjandi gagnkynhneigðu hugmyndafræði sem karlveldið hefur mótað og viðhaldið. Þannig kallast persónusköpun eiginkonunnar einnig á við margar aðrar persónur Kristínar því eins og bókmenntafræðingurinn Dagný Kristjánsdóttir hefur bent á eiga þær gjarnan sameiginlegt að „hafna eða brjótast um fast í kynferði sem valið hefur verið fyrir þær og skilgreint af samfélagi sem hefur valdið á bakvið sig.“²⁶

Undir lok síðustu smásögunnar um hjónin er nefnt að skaparann langi stundum til að púsla spegilbrotnum, eða stjörnunum, saman en að eiginkonan plati hann þá og dreifi huga hans. Þar með er hún orðin gerandi og farin að hafa áhrif á bæði sitt líf og guðs. Spegillinn sem fyrirbæri sýnir aðeins yfirborð einstaklingsins en ekki hvað bærst innra með honum og þess vegna gagnast hann ekki eiginkonunni. Spegilbrotnið tvíst og bast um himininn minna líka á að sjálfsmynd hvers og eins er ekki ákveðinn fasti heldur geta einstaklingar haft margar og ólíkar sjálfsmyndir sem eru síkvikar og breytilegar eftir ólíkum aðstæðum, rétt eins og stjörnur.

Að lokum

Smásögurnar um guð og eiginkonu hans eru gott dæmi um hvernig Kristín hefur í skáldskap sínum kannað á frumlegan máta hjónabandið og ólík hlutverk karla og kvenna. Með því að nýta sér ónáttúruleg einkenni, draga upp nýjar og

sem ort hafði ljóð/ um blóm á pilsum kvenna“ sem vísar í smásöguna „Blómin á pilsum kvenna“ í *Einu sinni sögum* Kristínar. Sjá Vigdís Grímsdóttir, *Lendar elskhugans*, Reykjavík: Íðunn, 1991, bls. 23.

²⁵ Sbr. Geir Svansson, „Óseggjanleg ást. Hinsegin sögur og hinsegin fræði í íslensku samhengi“, *Skírnir* haust/1998, bls. 476–527. Í greininni beinir Geir einkum sjónum að skáldsögunum *Ž ástarsaga* (1996) eftir Vigdís Grímsdóttur, *Dyrnar þröngu* (1995) eftir Kristínu Ómarsdóttur og *Sú kvalda ást sem hugarfylgsnin geyma* (1993) eftir Guðberg Bergsson en eins og hann bendir á eru þær ekki fyrsti íslenski skáldskapurinn þar sem fjallað er opinskátt um samkynhneigð en fordæmin eru fá. Sama heimild, bls. 478.

²⁶ Dagný Kristjánsdóttir, „Tómið og tilveran. Um skáldsögur Kristínar Ómarsdóttur“, *Ritið* 3/2006, bls. 81–99, hér bls. 82.

óvæntar myndir af þekktri persónu, og gera uppreisn gegn hefðbundnu hlutverki eiginkonunnar kollvarpar skáldkonan viðteknum viðhorfum og viðmiðum um leið og hún reynir að fá lesendur til að sjá hlutina upp á nýtt og jafnvel finna þef sem þeir hafa ekki áður fundið. Ævintýrið um guð og eiginkonu hans segir okkur nefnilega eitt og annað um okkur sjálf og heiminn í kringum okkur.

ÚTDRÁTTUR

Rithöfundurinn Kristín Ómarsdóttir er þekkt fyrir að leika sér með mörk ímyndunar og veruleika í skáldskap sínum. Gott dæmi um það er bókin *Einu sinni sögur* sem hún sendi frá sér árið 1991. Bókin er safn stuttra texta en þar birtust meðal annars smásögurnar „Eiginkona guðs“, „Hvíldardagur“ og „Vegakort“ sem mynda eins konar sagnasveig en þær fjalla um hjónaband og hversdagslegt líf guðs og eiginkonu hans. Í greininni er fjallað um sögurnar með hliðsjón af kenningum um ónáttúrulegar frásagnir, ímyndunaraflíð og femínisma og skoðað hvaða aðferðum Kristín beitir til að fylla inn í eyður *Biblíunnar* og hvernig hún leikur sér að þekktum sögum og blandar saman skáldskap og veruleika til að varpa ljósi á ýmsa þætti sköpunarsögunnar og ólíka stöðu kynjanna.

Lykilorð: Kristín Ómarsdóttir, *Einu sinni sögur*, ónáttúrulegar frásagnir, ímyndunarafl, femínismi, hinsegin bókmenntir, smásögur

ABSTRACT

Some Thoughts on God's Wife: The Interplay of Imagination and Reality in Three Stories by Kristín Ómarsdóttir

Kristín Ómarsdóttir is renowned for exploring the boundaries between imagination and reality in her literary works. A notable example of this is her book *Einu sinni sögur* (e. *Once Upon Stories*) (1991), a collection of short stories that includes the stories “Eiginkona guðs” (e. “The Wife of God”), “Hvíldardagur” (e. “Day of Rest”), and “Vegakort” (e. “Road Map”). These stories form a short story cycle that examines marriage and the everyday life of God and his wife. This article analyzes these stories through the lens of theories on unnatural narratives, imagination, and feminism, exploring the techniques Kristín employs to fill the narrative gaps in the *Bible*. Additionally, it examines how she reinterprets

well-known stories and intertwines fiction with reality to illuminate various aspects of the creation story in the *Bible* and the differing positions of the genders.

Keywords: Kristín Ómarsdóttir, Einu sinni sögur, unnatural narratives, imagination, feminism, queer literature, short stories

GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

Aðjunkt við Deild faggreinakennslu

Menntavísindasviði Háskóla Íslands

gudrunst@hi.is

